

AUGLÝSING

um viðurkenningu erlendra kennivottorða annarra en vegabréfa.

Ákveðið hefur verið, að ríkisborgarar eftirtalinna landa megi við komu til landsins og brottför nota í stað vegabréfs eftirtalin kennivottorð, gefin út af þar til bæru yfirvaldi hlutaðeigandi lands:

Austurríki:

Personalausweis.

Belgía:

Carte d'Identité (Identiteitskaart, Personalausweis, Identity card).

Frakkland:

Carte Nationale d'Identité.

Grikkland:

Deltio Taytotitas.

Holland:

Identiteitskaart B (Toeristenkaart), útgefin fyrir 1. janúar 1995.

Europese identiteitskaart (European Identity Card, Carte d'Identite Europeenne), útgefin eftir 31. desember 1994.

Ítalía:

Carta d'Identità. Ath: Í reitnum „Cittadinanza“ á bls. 2 skal standa „Italiana“.

Liechtenstein:

Identitätskarte (Carte d'Identité, Carta d'Identità).

Lúxemborg:

Carte d'Identité (Identitätskarte, Identity Card).

Titre d'Identité et de Voyage (Kinderausweis).

Portúgal:

Bilhete de Identidade de Cidadao Nacional.

Spánn:

Documento Nacional de Identidad (DNI).

Sviss:

Carte d'Identité Citoyen Suisse (Identitätskarte Schweizerbürger, Carta d'Identità Cittadino Svizzero, Carta d'Identidad Burgais Svizzer).

Identitätskarte (Carte d'Identité, Carta d'Identità, Carta d'Identidad, Identity Card), útgefin eftir 30. júní 1994.

Þýskaland:

Personalausweis.

Kinderausweis.

Behelfsmässiger Personalausweis.

Auglýsing þessi, sem gefin er út samkvæmt heimild í 15. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum, nr. 148 3. september 1965, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur út gildi auglýsing um viðurkenningu erlendra kennivottorða annarra en vegabréfa, nr. 328 20. maí 1983.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júlí 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar
og fundarskóp borgarstjórnar nr. 60/1985, með síðari breytingum.**

1. gr.

19. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Borgarstjórn getur efnt til almennrar atkvæðagreiðslu í Reykjavík eða í tilteknum borgarhverfum til þess að kanna vilja kosningabærra íbúa um tiltekið málefni. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er ekki bindandi um afgreiðslu málsins fyrir borgarstjórn nema að hún hafi fyrir fram ákveðið að svo skuli vera.

Ef Reykjavíkurborg fyrirhugar að ráðast í ákveðna framkvæmd og áætlaður heildarkostnaður borgarinnar vegna hennar nemur hærri fjárhæð en áætluðum fimmtungi árlegra skatttekna borgarinnar á yfirstandandi reikningsári, er skylt að efna til almennrar atkvæðagreiðslu ef 1/4 hluti þess fjölda sem þátt tók í næst umliðnum borgarstjórnarkosningum óskar þess. Ósk um almenna atkvæðagreiðslu skal berast innan 90 daga frá samþykkt borgarstjórnar vegna framkvæmdarinnar. Komi slík ósk fram og hún uppfyllir þau skilyrði sem hér eru sett, ber borgarstjórn að fresta fyrirhugaðri framkvæmd þar til atkvæðagreiðsla um málið hefur farið fram. Atkvæðagreiðslan skal fara fram samhliða næstu borgarstjórnarkosningum, þó getur borgarstjórn ákveðið að efnt skuli til atkvæðagreiðslu fyrr. Niðurstaða slíkrar atkvæðagreiðslu er bindandi um afgreiðslu málsins ef 3/4 hlutar atkvæðisbærra manna í Reykjavík taka þátt í henni.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. gr. og 1. mgr. 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. bráðabirgðalög nr. 100/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. júlí 1998.

F. h. r.
Sturlaugur Tómasson.

Sesselja Árnadóttir.